

## Mmannréttindabyggingin í tölum

• **Arkitekt:**  
Richard Rogers lávarður

Samstarfsaðilar: Richard Rogers,  
Partnership Ltd, Lundúnum, og  
Claude Bucher, Strassborg

• **Kostnaður:** 455  
milljónir franska  
franka

• **Nýtilegt flatarmál:** 28.000 m<sup>2</sup>, þar af eru  
- 860 m<sup>2</sup> fyrir stóra réttarsalinn  
- 520 m<sup>2</sup> fyrir litla réttarsalurinn  
- 4.500 m<sup>2</sup> í fundarherbergi  
- 16.500 m<sup>2</sup> skrifstofur

• **Fjöldi fundarherbergja:** 18, þar af eru  
- stóri réttarsalurinn (243 sæti + 49 fyrir dómara  
+ 22 fyrir kæruaðila)  
- litli réttarsalurinn (101 sæti + 25 fyrir dómara  
+ 12 fyrir kæruaðila)  
- fundarherbergi dómara (sæti fyrir 47-52)  
- fundarherbergi (að meðaltali 47 sæti við borð og að  
auki 52 fyrir innan)

• **Fjöldi skrifstofa:** Breytilegur (535 skrifstofur)  
• **Hljóð- og myndbúnaður:** Salur fyrir fréttamenn (204 sæti)  
Málstofa (104 sæti)

• **Þarna eru líka:**

- 490 km af rafmagnsköplum
- 5.500 ljós
- 10 km af lögnum
- 500 m af skjalsendum
- 9 fólks- og vörulyftur
- 450 tonna málmgind
- 1.450 tonn af steypustyrktarjárn
- 15.000 m<sup>3</sup> af steypu
- 2.800 m af blómabökkum á gluggasyllur
- 4 varmadælur
- 16 loftkælistöðvar
- 50 fyrirtæki og 125 undirverktakar
- 1.500 byggingarstarfsmenn
- 800.000 stunda byggingartími

## ÞETTA ER ANNAÐ EN

### Evrópudómstóllinn

Sá dómstóll er staðsettur í Lúxemborg. Hann tryggir að farið sé að lögum Evrópusambandsins og sker úr ágreiningi um túlkun og beitingu stofnsamninga sambandsins.

### Alþjóðadómstóllinn

Hann er hluti Sameinuðu þjóðanna með aðsetur í Haag.

### Alþjóðlega mannréttindayfirlýsingin (Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna)

Texti sem Sameinuðu þjóðirnar samþykktu 1948 til að efla vernd mannréttinda á alþjóðlegum vettvangi.

### Sáttmáli um grundvallarréttindi

Texti Evrópusambandsins um mannréttindi og grundvallarfrelsi, samþykktur 2000.

## NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR

European Court of Human Rights  
Public Relations  
67075 Strasbourg cedex  
France  
[www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int)



# DÓMSTÓLLINN

## í hnotskurn



EUROPEAN COURT OF HUMAN RIGHTS  
COUR EUROPÉENNE DES DROITS DE L'HOMME

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



## MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU

Mannréttindadómstóll Evrópu er alþjóðlegur dómstóll sem var stofnaður 1959. Hann fjallar um mál einstaklinga eða ríkja vegna meintra brota á borgaralegum og stjórnmálalegum réttindum, sem mælt er fyrir um í Mannréttindasáttmála Evrópu

Dómurinn hefur starfað óslitið frá 1998 og einstaklingar geta lagt fram kærur sínar þangað milliliðalaust.

Á fimmtíu ára sögu sinni hefur dómstóllinn kveðið upp dóma í ríflega tíu þúsund málum.

Dómar dómstólsins eru bindandi fyrir þau ríki sem eru aðilar að málinu og hafa ríkisstjórnir bæði þurft að breyta lögum og stjórnsýsluháttum í margskonar málaflokkum vegna þeirra. Með dómaframkvæmdinni verður sáttmálinn öflugt og virkt tæki til að bregðast við breyttum aðstæðum og efla réttarríkið og lýðræði í Evrópu.

Dómstóllinn er í Strassborg, í Mannréttindabyggingunni sem breski arkitektinn Richard Rogers lávarður hannaði árið 1994. Það er í þessari heimsfrægu byggingu sem dómstóllinn gætir þess að mannréttindi 800 milljóna Evrópubúa séu virt í þeim 47 aðildarríkjum Evrópuráðsins sem hafa fullgilt sáttmálann.

## SÖGULEGAR DAGSETNINGAR

5. maí 1949

Evrópuráðið stofnað

4. nóvember 1950

Sáttmálinn samþykktur

3. september 1953

Sáttmálinn öðlast gildi

21. janúar 1959

Ráðgjafarþing Evrópuráðsins kýs fyrstu dómara dómstólsins

23.–28. febrúar 1959

Fyrsti fundur dómstólsins

18. september 1959

Dómstóllinn samþykkir starfsreglur sínar

14. nóvember 1960

Dómstóllinn kveður upp sinn fyrsta dóm:  
*Lawless gegn Írlandi*

1. nóvember 1998

Gildistaka 11. viðauka við sáttmálann, „nýi dómstóllinn“ tekur til starfa

18. september 2008


Dómstóllinn kveður upp tíu þúsundasta dóm sinn

Fyrsta júní 2010

14. viðauki öðlast gildi, en markmið hans er að tryggja skilvirkni dómstólsins til frambúðar

## MANNRÉTTINDASÁTTMÁLI EVRÓPU

Mannréttindasáttmáli Evrópu er alþjóðlegur samningur sem skuldbindur aðildarríki Evrópuráðsins til að tryggja borgaraleg og stjórnmálaleg grundvallarréttindi, ekki aðeins til handa eigin ríkisborgurum, heldur til allra borgara innan lögsögu þeirra. Sáttmálinn var undirritaður 4. nóvember 1950 í Róm og öðlaðist gildi árið 1953.



## TRYGGINGAR OG BÖNN

Sáttmálinn tryggir einkum:

- réttinn til lífs,
- rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.,
- friðhelgi einkalífs og fjölskyldu,
- tjáningarfrelsi,
- hugsana-, samvisku- og trúfrelsi og
- vernd eignaréttar,



Sáttmálinn bannar einkum:

- pyndingar og ómannúðlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
- þrældóm og nauðungarvinnu,
- dauðarefsingu,
- ólögmda frelsissviptingu, og
- mismunur í tengslum við þau réttindi og frelsi sem fjallað er um í sáttmálanum.

